

Reglugjörð

fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um notkun afrjetta, fjallskil fjármörk, rjettahöld og eyðingu refa, m. fl.

Amtsráðið í Vesturamtinu

Gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum, 22. marz 1890, er hjermeð staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Reglugjörð

fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um notkun afrjetta, fjallskil, fjármörk, rjettahöld og eyðingu refa m. fl., sem samín er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. september 1895.

I. kafli.

Um geldfjárrekstur á afrjettir og fjallönd á vorum.

1. gr.

Hreppsþúar í þeim sveitum, þar sem nægileg afrjettarlönd eru, skulu, ef þeir að álitu hlutadeigandi hreppsnefndar ekki eiga nægileg fjallönd fyrir sig sjálfa, skyldir að reka í miðja afrjett að vorinu allt geldfje sitt. Nú eru engin slík afrjettarlönd, heldur að eins heimalönd eða búfjárhagar, og skal þá hreppsnefndin annast um, ef ekki fæst upprekstur í annari sveit, að fjenu sje jafnað í löndin, að tiltölu rjetttri við landrými. Skulu sveitarmenn skyldir að nota slíkan upprekstur eptir ávisun hreppsnefndarinnar, svo framarlega sem upprekstrartollurinn ekki fer fram úr því, sem hann er ákveðinn hjer á eptir.

2. gr.

Í upprekstrartoll greiðist 1 al. fyrir hverjar 10 sauðkindur, hvort heldur er lömb eða roskið, alls þess fjár, sem á fjall ber að reka; skal tollur þessi greiddur innan októbermánaðarloka, ef ekki semur öðruvísi. Hver fjáreigandi skal skyldur til að skýra hlutadeigandi hreppsnefnd fyrir lok ágústmánaðar frá tölu þess fjár, er hann rak á fjall, en hreppsnefndinni ber fyrir fjallaleitir að haustinu að tilkynna þeim, er hafa rjett til fjallatolla, að hverjum fjáreigendum þeir eigi aðgang með greiðslu á þeim.

3. gr.

Fráfæring allan skal sitja annaðhvort heima áður en hann er rekinn, eða þar sem hann er eptirskilinn í fjallandinu, í þrjá sólarhringa. Enginn má heimildarlaust reka eða sleppa fjenaði sínum á afrjett eða í annara mannalönd, sem hann á ekkert tilkall til. Reka skal þannig gegnum heimalönd manna, að ekki hljótist skaði af. Brot móti þessum kafla varða 1 til 10 kr. sekt, auk skaðabóta, eptir óvilhallra manna mati.

II. kafli.

Um fjallskil

4. gr.

Á ári hverju skulu hreppsnefndir hver í sínum hreppi kveðja skriflega

með nægum fyrirvara alla þá, sem skyldir eru að ganga á fjall eptir sauðfje samkvæmt 5. gr. í reglugjörð þessari, til þess að leita afrijettir og önnur fjalllönd, innan merkja þeirra, sem tilgreind eru í 6. gr. Fjallgangnaboð þetta gangi sem þingboð um allan hreppinn, og varðar sektum ef tefst eða niðurfellur, skal því nákvæmlega ákveða, hvernig fjallgöngum skal haga, rekstrum til rjetta, geymslu safnsins við rjettina, til þess rjettarhald byrjar, hverjir í stað fjallskila skulu sækja fje í aðrar rjettir, og skal til þess velja markglögga og gætna menn, er skulu vera útbúnir með markaskrá sýslunnar og hreppsins. Hreppsnefndin skal og skipa fyrir hverjir skulu vera leitarstjórar og skulu þeir ætíð skyldir að ganga með leitar mönnum. Öll óhlýðni gegn fyrirskipunum hreppsnefndar og leitarstjóra varðar sektum samkvæmt 11. gr.

5. gr.

Hver maður sem á eða hefir umsjón yfir 6 sauðkindum og þar yfir, er til fjalls skulu reknar, skal skyldur að gjöra fjallskil, eptir fyrirskipunum hreppsnefndar þeirrar, sem hlut á að máli, er skal hafa jatnað fjallskilunum nákvæmlega niður á alla fjáreigendur, eptir sauðfjártölu og þörfum, svo fjallskilum og fjárheimtum sje svo vel fullnægt, sem unnt er.

6. gr.

Þessi eru gangnamerki hreppa á milli.

Langmerkin eru, fjallgarðurinn þar sem hann er hæðstur, eins og vötnum hallar, eða þar sem hreppalönd ná saman. Þvermerkin eru: milli Hörðudals og Skógarstrandar Gunnarsstaðaá-Gljúfurá-, milli fjalls og fjöru, og leita Skogstrendingar þaðan að Kársstaðahálsi. Milli Skógarstrandar og Helgafellsveitar ræður Kársstaðaháls, og leita Helgfellingar og Stykkishólshreppsþúar þaðan að Axarhamri, Tröllahálsi og Hraunsfirði. Þaðan leita Eysrveitingar að Búlandshöfða; þá Neshreppingar innri að Loðnugjá í Ólafsvíkurenni og Hróa; þá Neshreppingar ytri að Skarðsvík, Brattahrauni, Kálfadölum, Miðfelli og Bárðarkistu; þá vestri hluti Breiðuvíkurrepps til Fagurhólsrjettar að Valahrauni, Háahrauni og Merkihrigg; þá eystri hlutinn til Hnausarjettar, að Fróðarheiðarvegi; þaðan leita Stadsveitingar að Djúpagili, Urðarmúla og Baulárvallavatni. Þá Miklhreppingar að Skyrtunnu, Hafursfelli og Svínhóli; þá Eyrhreppingar að Svínaskarði, Svínavatni Arná, Oddastaðavatni og Hafursfjarðará; þá Kolhreppingar norðan Kaldár til Mýrdalsrjettar, að Geirhnúk eptir Vatnshlíðar- og Kolbeinsstaðafjallseggjum niður í Garðagjá; þá syðri hlutinn sunnan Kaldár frá Klifsdal, Hróbjargarstaðaland, Kaldadal og Skógatjall, til Kaldárbakkarjettar. Þar sem fjöll eða hálsar ráða þvermerkjum, skal frá báðum hliðum gengið að vatnaskili.

7. gr.

Næsta virkan dag fyrir fyrsta rjettadaginn og sömuleiðis fyrir þriðja eða skilarjettardaginn, skal hver búandi skyldur til að leita vandlega sín heimalönd, þau sem ekki eru venjulega leituoð til rjettar, og skal hann í tæka tíð reka allt geldfje, sem í þeim finnst og sem hann hvorki á sjálfur nje heima-fólk hans, til rjettar eða í fjallasafn.

8. gr.

Þrjár skulu fjalleitir á hausti; leitardagar eru hinir sömu og venja hefir verið til í fyrstu og annari leit, en þriðja leitin skal fram fara þrem vikum eptir fyrstu leit, og skulu leitardagar nákvæmlega tilgreindir í fjallskila-boðinu.

9. gr.

Þeir, sem reka fje sitt til fjalls í annari sveit, en þeir búa í, skulu háðir hinum sömu skyldum og hlýðni sem þeir hreppsþúar þar, með fjalleitir og fjársókn í aðra hreppa, en reki þeir ekkert fje til fjalla í sínum hreppi, skulu þeir álitast þar í flokki hinna órikari manna til fjallskila, en reki þeir nokkuð af fje sínu á fjall í sinni sveit, fer niðurjöfnun eptir því fjármagni.

10. gr.

Leitarstjórar skulu annast um, að leitir fari vel og skipulega fram; til þess heyrir meðal annars, að leitarmenn hefji leitina þá sauðljóst er orðið, og hittist úr nágrannahreppunum eða bíði hver eptir öðrum á gangnamótum, þar sem því verður viðkomið, samt framhaldi leitunum samhliða hver til sinnarlög-rjettar.

Nú hittir leitarmaður vanfæra kind í leit sinni, og álitur að hann ekki geti komið henni til rjettar, án þess að vanrækja gönguna og skal hann þá skera kindina, og dysja forsvaranlega, þannig, að hann geti vísað til hennar, og skýrt frá marki á henni.

11. gr.

Leitarstjórar skulu vandlega gæta þess, að allir þeir, sem fjallskil eiga að gjöra, leggi til svo marga fullgilda leitarmenn, sem hreppsnefndin hefir ákveðið samkvæmt 5. gr. Nú vanrækir einhver af skeytingarleysi, að gjöra þau fjallskil, sem á hann voru lögð, má þá hreppsnefndin eða leitarstjórinn, verði því viðkomið, kaupa mann til að vinna það, er ávantar til fjallskilanna upp á hans kostnað, eptir mati óvilhallra manna og gjaldi að auki sektir 1 til 10 kr.

12. gr.

Leitarstjóri skal hlýfðarlaust tilkynna hlutaðeigandi hreppsnefnd alla óhlýðni gegn fyrirskipunum hans, en hreppsnefndin kærir slíkt, samt sjerhverja aðra skyldu vanrækt með tilliti til fjallskila, fyrir sýslumanni til sektar að lög-um. Sömuleiðis hefir hver einstakur maður rjett til að kæra hreppsnefndina, hafi hún beitt við hann rangindum eða íþyngt honum sjerstaklega fram yfir það, sem þessi reglugjörð leyfir.

13. gr.

Fjallafje það, sem ofan slangrar á sumrum í kvífje manna, skal í hverri viku úr skilja og leggja nágrannar saman til að reka það aptur á afrjetteða lönd þau, er til uppreksturs eru notuð.

14. gr.

Auk heimalandssmalana, þeirra sem getið er í 7. gr., geta hreppsnefnd-ir svo opt sem þurfa þykir, fyrirskipað almenna rækilega smölun á öllum heimalöndum í hreppnum, og skal þá öllu fje komið beinustu leið til áthaga

sinna. Nú kemur rekstur til búanda, skal hann þá, ef mögulegt er, láta rannsaka hann, og taka úr kindur þær, sem ekki eru á rjettri leið, ef nokkrar eru, og leiðbeina þeim í rjetta átt, svo fljótt sem því verður viðkomið.

15. gr.

Hafi þriðja leit — leit til skilarjettar — misheppnast, skal hreppsnefndin hafa vald til að fyrirskipa fjórðu leit, á fjallönd og afrjetti, er henni ber um að sjá. Til þeirrar leitar má nefndin gjöra auka-niðurjöfnun verka eða fjártil-lags, eptir ástæðum, á alla hlutadeigendur.

16. gr.

Hver sem finnur kindur á afrjettum, eða fjallöndum þeim, sem ekki teljast með búfjárhögum, að afstöðnum öllum lögbodnum leitum, skal fá fundar-laun eptir óvilhallra manna mati; þó mega þau ekki fara fram úr $\frac{1}{4}$ verðs þess, sem kindin eða kindurnar eru metnar.

Af þeim kindum, sem finnast kunna í búfjárhögum, ber ekki að greiða fundarlaun, en sjerstaka fyrirhöfn, svo sem að ná kindum úr klettum eða því um líkt, ber að borga.

III. kafli um sauðfjármörk.

17. gr.

Sjerhver fjáreigandi skal skyldur til að hafa eitt glögggt og löglegt eyrnamark á sauðfje sínu — en afeyrt hvort sem er á öðru eða báðum eyrum er ólögmaett — og færa að vorinu mark á aðfengnum kindum, sem næst sínu marki er verða má, samt brennimerkja og hornmarka þær. Nú eignast maður kindur, sem hann getur ekki markað undir sitt mark, og skal hann þá skyldur strax, bæði að fá leyfi markeiganda ef kostur er, að láta ganga með markinu, og auðkenna kindina eða kindurnar, sem glöggast verða má, samt afhenda hreppsnefndinni skriflega lýsingu á eyrnamarki og öðrum einkennum kinda þessara fyrir ágústmánaðarlok ár hvert.

18. gr.

Hjéðan af skal taka upp brennimerk fyrir sýsluna, er á skulu vera þessir stafir S. H. og að auki tölustafir þannig:

- | | | | |
|-------|-----|-------|--------------------|
| S. H. | 1. | fyrir | Kolbeinsstaðahrepp |
| - - | 2. | — | Eyjarhrepp |
| - - | 3. | — | Miklaholtshrepp |
| - - | 4. | — | Staðarsveit |
| - - | 5. | — | Breiðuvíkurrepp |
| - - | 6. | — | Neshrepp ytri |
| - - | 7. | — | Neshrepp innri |
| - - | 8. | — | Eyrarsveit |
| - - | 9. | — | Helgafellssveit |
| - - | 10. | — | Stykkishólmshrepp |
| - - | 11. | — | Skógarströnd |

30. dag ágústmán. 1895.

76 Brennimörk þessi skulu sett framan á vinstra horn kindarinnar, en brennimark eiganda framan á hæggra horn; skylt er öllum þeim, er soramarkaðar kindur eiga, að brúka brennimörk þessi.

19. gr.

Markaskrá fyrir sýsluna skal prenta 5. til 10. hvert ár, og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um, að safna öllum eyrnamörkum og brennimörkum í hreppnum, og setja þau saman eptir stafrófsröð í greinilega skrá. Skal hreppsnefndin því næst, eptir að hún hefur samið skrána, birta hana fyrir öllum fjáreigendum í hreppnum, svo að hver og einn geti fullvissað sig um, að hans mark sje rjett skrásett. Síðan sendir hreppsnefndin sýslunefndinni skrána, sem annast um, að aðal-skrá sje samin yfir öll mörk sýslunnar og síðan prentuð.

Skyldar skulu hreppsnefndir til strax og reglugjörð þessi öðlast gildi, að semja skrá yfir öll fjármörk í hreppnum, svo mörg eintök, að hver sá, er sendur er í aðrar rjettir geti fengið eitt, og skulu oddvitar jafnan gæta þess á hreppskilum vor hvert, að aðvara hreppsþúa um, að ef nýinnflutt eða nýupptekin mörk kunna að vera í hreppnum, að hafa tilkynnt hreppsnefndinni það svo snemma, að hún geti bætt þeim á fyrumgetnar markaskrár.

Skrár þessar skulu afhendast oddvita, að afloknum skilarjettum ár hvert.

20. gr.

Þeir sem eiga eða taka upp mörk, sem þeir ekki næst áður hafa verið prentaðir fyrir í markaskrá sýslunnar, skulu, hvort sem það er sauðfjár eða hrossamark, greiða 1 krónu fyrir hvert mark sem aukagjald, er gangi til prentunarkostnaðar, en það sem hann verður meiri borgist af sýslusjóði. Allir mark-eigendur skulu fá eitt eintak af skránni.

Fyrir brennimörk greiðist engin sjerstök borgun.

21. gr.

Enginn má blóðmarka kindur í lögrjettum nje á hausti.

IV. kaffi

um rjettahöld og meðferð á úrtíningsfje.

22. gr.

Þar skulu lögrjettir vera, sem segir í 24. gr. og svo langt og víða til reka, sem segir í 6. gr.

Breyta má þessu með samþykki meiri hluta hreppsþúa, hreppsnefndar, sýslunefndar og amtsráðs.

23. gr.

Prisvar skal rjettað á hausti í hverri lögskilarjett og skulu hreppsnefndir annast um, að rjettir sjeu að öllu leyti vel uppbyggðar, og nægir dilkar handa öllum hreppsþúum, er sjálfir annist um dilkadyr sínar, meðan á rjettarhaldi

stendur. Dilka handa utanhrepps eða sýslubúum, eru hreppsþúar því að eins skyldir að byggja á sinn kostnað, að þeir sýni þeim sömu skil hvað dilkrúm áhærir. Rjett er að nefndin kjósi einn mann úr sínum flokki til umsjónar sem rjettarstjóra.

24. gr.

1. Rjettir skulu haldnar í þeirri röð og á þeim dögum er nú greinir:

Hraunskarðsrjett	mánudag	í 21. viku sumars
Fagurhólsrjett	þriðjudag	í 21. — —
Hnausarjett og Vallnarjett	} miðvikudag	í 21. — —
Bláfeldar og Grundarrjett		
Brekku og Arnarhólsrjett	} föstudag	í 22. — —
Miðhraunsrjett		
Þverárrjett og Kothraunsrjett	} mánudag	í 22. — —
Valshamars og Mýrdalsrjett		
Kaldárbakkarjett	miðvikudag	í 22. — —
2. Eptirleitir skulu haldnar svo fljótt sem verða má, eptir að leitum er lokið, en þær byrja næsta virkan dag eptir fyrstu rjett.
3. Lögskilarjettir í hverjum hreppi skulu haldnar þrem vikum eptir fyrstu rjett, sama vikudag, og skal til þeirra rjetta ganga hinar sömu göngur og til fyrstu rjettar, og reka til rjettar allt það fje, sem á fjalli finnst, hvort sem það er heimt eða óheimt.

25. gr.

Hreppstjórar halda lögreglu í hverri lögskilarjett, en rjettarstjóri annast um innrekstur fjárins og sjer um, að fjeð troðist ekki undir, gætir þess, að fjenu ekki sje á nokkurn hátt misþyrmt, og kallar hreppstjóra til, ef svo ber við, lítur eptir að sundurdráttur fjárins fari sem skipulegast fram; markaglökkir og gætnir menn skoði í dilka, áður út er hleypt, og að fjeð fari ekki saman úr dilkunum; skal því enginn hleypta út fyr en rjettarstjóri leyfir, sem ekki sje fyr en búið er að kanna úrtíning, og skal þá aðalreglan, að utanhreppsmenn hleypi fyrst út og svo þeir, sem lengst eru að.

26. gr.

Ómerkinga alla skal draga í sjerstakan dilk, sem til þess er gjörður í rjett hverri, og skal þangað færa allar ær, sem von getur verið á að ættu þá; skal rjettarstjóri jafnan vera viðstaddur, og engum heimilt vera að taka ómerkinga sem sína eign, nema með samþykki hans og meiri hluta hreppsnefndar; en alla ómerkinga, sem enginn finnst eigandi að, að afloknu rjettarhaldi, skal selja þá þegar, og andvirði þeirra renna í sveitarsjóð. Um ómerkinga,

76 sem finnast eptir rjettir, fer sem um annað óskilafje og rennur einnig andvirði þeirra í sveitarsjóð.

27. gr.

Mýjetninga skal selja í hverri lögskilarjett, þó því að eins að enginn geti helgað sjer þá, og að eyrun sjeu svo jetin, að ekkert mark verði gjört úr, skal rjettarstjóri kalla til hreppstjóra, og hina markglöggustu menn, bæði innan- og utanhrepps, og sjeu allir samdóma um markleysi þessara kinda. Annars fer um þá sem annað óskilafje; svo fer og um þá mýjetninga sem finnast eptir rjettir, og rennur einnig andvirði þeirra í sveitarsjóð.

28. gr.

Rjettartoll skal greiða úr hreppssjóði búanda þeim, á hvers landi rjettin stendur, sem er 5 til 10 krónur, eptir samkomulagi við hreppsnefndina, eða mati óvilhallra manna.

29. gr.

Öllum úrtíningi úr fyrstu og annari rjett skal sleppt milli rjetta í land rjettarbónda eða annars, ef hentugra þykir, en fje það, sem ekki dregst upp, eða hirt er úr skilarjett, skal þá þegar afhenda hreppstjóra, og skal hann þá kveðja til með sjer tvo markglögga og gætna menn; skulu þeir allir skoða kindurnar bæði á eyrna- og hornamörkum og segja til marka, skal þá hreppstjóri nákvæmlega uppskrifa og upp lesa mörkin í heyranda hljóði; það sem þá verður eptir óútgengið, skal þegar selt við opinbert uppboð, án útlausnarfrests. Allir þessir 3 menn beri ábyrgð á, að mörkunum sje rjett lýst.

30. gr.

Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverri sveit eptir afstaðnar skilarrjettir, og þekkja menn eigendur að þeim, skulu þær þá á kostnað eiganda geymdar í vörzlum hreppstjóra, sem annast um, að eigandanum verði tafarlaust gjört aðvart um þetta. Hafi eigendur eptir að hafa fengið aðvörun, ekki leitt sig að kindum þessum fyrir Marteinsmessu, skal hlutadeigandi hreppstjóri selja þær við opinbert uppboð, er áður sje auglýst almenningi í hreppnum með nægum fyrirvara.

Kindur þær, sem koma fyrir eptir skilarjett, og ekki þekkjast eigendur að, skulu vera auglýstar tafarlaust í öllum næstu sveitum, og ekki seldar fyrri en eptir Marteinsmessu. Geymzlukostnaður fari ekki fram úr 5 aorum um sólarhring fyrir hverja kind.

31. gr.

Lýsing á óskilafje, sem við opinbert uppboð er sett, skal sendast sýslumanni fyrir miðjan desember, er auglýsi hana í blaði, sem út kemur í Reykjavík og vanalega hefur auglýsingar meðferðis, ekki síðar en í febrúar næsta ár, og skal hver sá, sem getur helgað sjer eitthvað af hinu selda fje, hafa rjett til að fá andvirði þess, þó að frá dregnum öllum sanngjörnum og lögmætum kostnaði, er fyrir því var hafður. Innlausnarrjetturinn nær til Mikaelsmessu næsta ár frá því það var selt.

32. gr.

Enginn má sleppa hrossum eða nautum á afrjetti eða fjöll ómörkuðum. Skyldur skal hver sá, sem hross á, sem á fjall er sleppt, að lýsa hrossamarki

sínu fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd og láta prenta það við fyrsta tækifæri í markaskrá sýslunnar. Nautamark sje hið sama. 76

33

Alstaðar í sýslunni, þar sem stóðhross ganga að sumrinu, einkum sje þau utanhrepps, skal þeim smalað og rjettað í skilarjett. Þau hross, sem þá ekki þekkjast eigendur að, skal farið með sem annað óskilafje. Þó skulu þau ekki seld fyrir 20. desember.

V. kafli.

Um grenjaleitir og eyðing refa.

34. gr.

Hreppsnefndir skulu hver í sínum hreppi, árlega ráða 1 mann eða 2, eptir því sem þörf virðist á og sem til þess eru hæfir, til að vera til staðar í hreppnum á tímabilinu frá 14. maí til 14. júlí, til þess að liggja á grenjum og reyna að vinna þau með skotum og eitrun.

Skyttan skal hafa í kaup, auk fæðis, hvort heldur hún er í grenjaleit eða liggur á greni 1 kr. 50 a. um sólarhringinn; hálfur sólarhringur reiknast sem heill, en styttri tíma er sleppt. Þess utan fær hún í aukabókun 4 kr. fyrir fyrra dýrið og 8 kr. fyrir hið síðara, og sama kaup og fyrir síðara dýrið ef fleiri dýr fullorðin vinnast á sama greni, og 50 aura fyrir hvern yrðling, sem hún nær. Sama kaup fær vökumaður fyrir að ná yrðlingi, eða hver annar. Skal hann og þeir sýna skott dýranna oddvita því til sönnunar, sem þá sje eyðilögð.

35. gr.

Ef að grenjavinnsla mistekst af einhverjum orsökum, skal hreppsnefndin rækilega eittra með strychnin í aðgengilegu og ginnandi æti, skal þessi eitrun gjörð af þeim manni, sem kjörinn hefur verið af nefndinni og sje hann til þess eiðsvarinn.

36. gr.

Hver búandi maður í hreppi hverjum skal skyldur að leita árlega, prisvar á hverju vori, grenja í landi ábylisjarðar sinnar, sje það ekki viðáttu-meira en svo, að hann noti það fyrir sinn eiginn fjenað; hreppsnefndin skal rækilega brýna þessa skyldu fyrir mönnum, og gæta þess, að henni sje hlýtt. Þegar nauðsyn þykir að leita nýrra grenja, skal hreppsnefndin annast um að það sje gjört og sömuleiðis á afrjettalöndum; fyrir þær leitir má greiða sanngjarna þóknun úr sveitarsjóði. Brot mót þessari grein varða sektum frá 2—20 kr.

37. gr.

Finnist gren, skal bóndi sá, í hvers landi grenið er fundið, tafarlaust vitja skyttunnar, ef hún er ekki með í leitinni, til að fá hana á grenið, hann skal og fæða skyttuna og leggja til vökumann með henni og fæða hann, og ber honum fyrir það 1 króna fyrir hvern mann um sólarhringinn. Ekki má yfirgefa gren, frá því það er fundið, þó skyttan ekki fáist strax, en skyld skal hún að koma á grenið svo fljótt sem verða má og yfirgefa ekki grenið fyr en búð er til þrautar að reyna að vinna dýrin eða þau unnin, og telst ekki minna full tilraun en 3 sólarhringar, ef bæði dýrin eru ekki unnin.

38. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um hver í sínum hreppi, að eitrað sje fyrir refi á hverju hausti eða vetri, þar sem haganlegast þykir. Aðalregla við eitranina sje sú, að afsláttarhross eða rjúpur sjeu til þess haft, og sjeu þá 100 rjúpur sem 1 hross-skrokkur; skal nefndin sjá um, að nægilegt hræ sje til eitrunar, eptir þörfum, og eitur. Eitrað sje með strychníni og skal það framkvæmt af þeim manni, sem til þess er kjörinn samkvæmt 35. gr. hjer að framan.

39. gr.

Hver sem vinnur refi öðruvísi en á greni eða með eitrun, á tímabilinu frá 1. apríl til 1. desember, skal fá 2 kr. þóknun fyrir hvert dýr, hvort sem það er ungt eða gamalt, af sveitarsjóði þess hrepps, sem dýrið eða dýrin eru unnin í, þó því að eins, að þau hafi verið sýnd hreppsnefndinni eða 2 skilríkum mönnum svo fljótt sem verða má eptir vinninguna, og skal þá fara með þau samkvæmt 34. gr., nema í þeim virðist nokkurt verð, þá skulu þau afhent oddvita, sem geymir þau, þar til þau eru lögð í kaupstað, nýtur þá veiðimaður andvirðisins.

40. gr.

Öllum skal bannað að ala upp yrðlinga, nema skotmanni að eins til 14. júlí. Sannist það, að nokkur annar ali upp yrðlinga, skal hann sektast frá 5—20 kr. Sannist enn fremur, að nokkur sleppi yrðling, skal þyngja sektina allt að 50 kr.

41. gr.

Hver sá sem gjörir kröfu til borgunar fyrir eitthvað sem lýtur að eyðingu refa á grenjum, skal senda oddvita þess hrepps sem í hlut á, greinilegan reikning fyrir septembermánaðarlok ár hvert; reikningnum skal fylgja skýrsla um verk það eða tillag sem borgunarinnar er krafizt fyrir. Reikninginn leggur oddvitinn því næst fram fyrir alla hreppsnefndina til yfirskoðunar og úrskurðar; samþykki hún reikninginn óbreyttan, fá hlutadeigendur upphæðina borgaða, annaðhvort þá þegar af sveitarsjóði eða við niðurjöfnun hreppsgjalda það haust. Refaveiðakostnaðarreikninga þá, sem ekki eru komnir til oddvita fyrir hinn tiltekna dag, þurfa hreppsnefndir ekki að taka til greina, nema sjerstaklega á standi.

42. gr.

Þar sem upphæð sektar eigi er ákveðin við einstakar greinir í reglugjörð þessari, varðar brot gegn henni 1—100 kr. sekt; allar sektir fyrir brot á reglugjörðinni renna í viðkomandi sveitarsjóð.

43. gr.

Mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

44. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um grenjaleitir, fjármörk, notkun afrjetta, fjallskil og rjettahöld m. fl. frá 31. janúar 1887.

Amtsráð vesturamtsins, Reykjavík, 3. dag júlímán. 1895,

J. Havsteen.